

Almennt

Allir þurfa að eiga vin

Allir þurfa að eiga vin
Allir þurfa að eiga vin
allir þurfa að eiga vin.
Leggjum núna hönd í hönd
og hnýtum okkar vinarbönd.

Þegar þjatar eitthvað á
allt það segja vini má,
ýta sorgum öllum frá
og aftur gleði sinni ná.

Vináttan hún færir frið.
Friður bætir mannkynið.
Öðrum sýnum ást og trú
og eflum vináttuna nú.
Höfundur texta: **Margrét Ólafsdóttir**

Ding dong

Ding,dong sagði lítill grænn froskur einn dag
Ding,dong sagði lítill grænn froskur
Ding,dong sagði lítill grænn froskur einn dag
Og svo líka ding,dong,dongi,dongi,dongi,

Uhm,eh, sagði lítill græn eðla einn dag
Uhm,eh, sagði lítill græn eðla
Uhm,eh, sagði lítill græn eðla einn dag
og svo líka uhm,eh,ull,ull,ull,ull,ull.

King kong sagði stór svartur api einn dag
King kong sagði stór svartur api
King kong sagði stór svartur api einn dag
og svo líka king kong,kone,konge,konge,

Mjá,mjá sagði lítill grá kisa einn dag
Mjá,mjá sagði lítill grá kisa
Mjá,mjá sagði lítill grá kisa einn dag
og svo líka mjá,mjá - mjá

Blúbb,blúbb sagði lítill blár fiskur einn dag
Blúbb,blúbb sagði lítill blár fiskur einn dag
Blúbb,blúbb sagði lítill blár fiskur einn dag
og svo líka blúbb, blúbb, blúbb, blúbb,
Höfundur: Ókunnugur

Do re mí

Do er döldil lukka'og lán
re er rest af kökusneið
mí er mý á mykjuskán
fa er falleg gönguleið
so er sona bros á vör
la er næst á eftir so
tí er tígulkaka'og smjör
og svo tökum við frá do! –
Do- re- mí- fa- so- la- tí- do!
Söngvaseiður

Dúkkann hennar Dóru

Dúkkann hennar Dóru var með sótt, sótt, sótt.
Hún hringdi' og sagði lækni' að koma fljótt, fljótt, fljótt.
Læknirinn kom með sína tösku' og sinn hatt,
hann bankaði' á hurðina rattatatata.

Hann skoðaði dúkkuna og hristi sinn haus,
„Hún strax skal í rúmið og ekkert raus.“
Hann skrifaði' á miða hvaða pillu' hún skildi fá.
„Ég kem aftur á morgun ef hún er enn veik þá.“
Höfundur: Ókunnugur

Dvel ég í draumahöll

Dvel ég í draumahöll
og dagana lofa.
Litlar mýs um löndin öll
liggja nú og sofa.
Sígur ró á djúp og dal,
dýr til hvílu ganga.
Einnig sofna skolli skal
með skottið undir vanga
Höfundur texta: Kristján frá Djúpalæk
Höfundur lags: Thorbjörn Egner

Döggin á rósum

Döggin á rósum og kettlingur kátur
kola í eldhúsi pottar og þjatur
böggjar með snæri og bundið í kross
Beta ég veit ekki í heiminum hnoss

Glófestir hestar og bollur og bökur
bjöllur á sleðum og fínustu kökur
gæsir á flugi og fegurstu hross
Betra ég veit ekki í heiminum hnoss

Hvítklæddar telpur í flíkunum fínum
fjúkið úr snjónum á augnlokum mínum
Fannhvítir vetur og vorglaður forr
Betra ég veit ekki í heiminum hnoss

Bíti hundur, berji hestur, bregðist gæfan mér
Þá minnst ég þess sem að mér þykir best
og mæðan úr hug mér fer
Höfundur texta: Flosi Ólafsson
Höfundur lags: Rodgers & Hammerstein.

Ef sérðu krókódíl

Ef að sérðu krókódíl í þínu baðkeri
vertu ekki við hann hræddur sýndur hugrekki
og bjóddu honum inn í stofu
þar að snæðingi

Ef að situr stærðar górilla í geymslunni
skaltu taka því með ró þú veist af reynslunni
að ef hún fær tvo banana
hún sýnir kurteisi.

Ef að liggur stærðar ljón í þínu skrifborði
skaltu ekki kalla á mömmu þína í ofboði
heldur klappa því á bakið
svo það steinsofni
Höfundur: Ókunnugur

Ef þú ert súr

Ef þú ert súr vertu þá sætur
sjáðu í speglinum hvernig þú lætur
ekkert er varið í sút eða seyru
teygðu á þér munnvikin út undir eyru
Galdurinn er að geta brosað
geta í hláturböndin tosað
geta hoppað hlegið sungið
endalaust

Ef þú ert fýldur þá líkistu apa
eða krókódíl sem er af fúll til að gapa
ekkert er varið í sút eða seyru
teygðu á þér munnvikin út undir eyru
Galdurinn er að geta brosað
geta í hláturböndin tosað
geta hoppað hlegið sungið
endalaust
Höfundur lags og texta: Ólafur Haukur Símonarson

Ein stutt ein löng

Ein stutt, ein löng hringur á stöng
og flokkur sem spilaði og söng.

Penni og gat og fata sem lak.
Fata sem lak og penni og gat

Ein stutt, ein löng.....

Lítill og mjór og feitur og stór
Feitur og stór og lítill og mjór.

Ein stutt, ein löng.....

Köttur og mús og sætt lítið hús
Sætt lítið hús og köttur og mús.

Ein stutt, ein löng.....
Danskt lag

Ég

Ég get klappað, ég get gengið hratt
Ég get séð og hlustað það er satt
Lykt af öllu finn ég og fæ mér hollan mat
og fylli kraft í líkamann, já það er ekkert plat.
Ég á hendur, ég á fætur, augu, eyru, nef og munn
Ég á hendur, ég á fætur, augu, eyru, nef og munn
Höfundur: Margrét Ólafsdóttir

Ég á minn rétt

Um lýðræði við tölum í leikskólanum hér
Pínulítið skrytið og flókið þykir mér
Það er um það að kjósa hvað okkur þykir best
og síðan vinnur sá sem að atkvæðin fær flest
;Ég á minn rétt, ég á minn rétt, ég á minn rétt
Það er alveg pottþétt;

Heima verða mamma og pabbi öllu að ráða
annað er of erfitt fyrir stúlkur og snáða
Ég stækka bara og stækka svo verð ég eins og þau
algerlega fullorðin með stóran geislabaug
Ég á minn rétt.....;

Í vinnustundir kennara við förum öll í röð
allir eru vinir og erum góð og glöð
Þar lærum við og lærum, þeir segja okkur margt
allt svo ansi skemmtilegt og ótrúlega þarft
;Ég á minn rétt.....;

Lag/texti – Eva og börnin á Hæðarbóli febrúar 2020

Ég heyri svo vel

Ég heyri svo vel, ég heyri grasið gróa,
ég heyri svo vel, ég heyri snjóinn snjóa,
ég heyri svo vel, ég heyri orminn mjóa,
heyri hárið vaxa, heyri neglurnar lengjast,
heyri hjartað slá.

Þú finnur það vel, allt færist nær þér,
þú finnur það vel, þú kemur nær mér,
þú finnur það vel, allt fæðist í þér,
andlitin lifna og húsin dansa
og vindurinn hlær

Höfundur: Ólafur Haukur Símonarson.

Ég langömmu á

Ég langömmu á sem að létt er í lund,
hún leikur á gítar hverja einustu stund.
Í sorg og í gleði hún leikur sitt lag,
jafnt sumar sem vetur, jafnt nótt sem dag.

Einn daginn er kveiknað í húsinu var
og brunaliðsbíllinn kom æðandi að,
og eldurinn bálað' um glugga og göng,
sat sú gaml' upp á þaki og spilaði' og söng.

Höfundur texta: Ásgeir Jónsson

Höfundur lags: Guðjón Bjarnason

Ferðalok

Er völlum grær og vetur flýr
og vermir sólin grund
Kem ég heim og hitti þig
verð hjá þér alla stund

Við byggjum saman bæ í sveit
sem blasir móti sól
Þar ungu lífi landið mitt
mun ljá og veita skjól

Sól slær silfri á voga
sjáðu jökulinn loga
Allt er bjart yfir okkur tveim
því ég er komin heim

Að ferðalokum finn ég þig
sem ég fagna höndum tveim
Ég er komin heim
já ég er komin heim
Lag: Ungverskt óperettulag
Texti: Jón Sigurðsson

Fimm litlir apar

Fimm litlir apar sátu upp' í tré
þeir voru að stríða krókódíl,
þú nærð ekki mér.
Þá kom hann herra krókóðill
hægt og rólega
og amm.....
Fjórir litlir apar sátu.....
Þrír litlir apar sátu
Tveir litlir apar sátu
Einn litill api sat
Enginn lítill api situr upp í tré
Höfundur: Ókunnugur

Fimm ungar syntu langt í burt

Fimm ungar syntu langt í burt',
mamma þeirra vissi ekki hvurt.
Hún kvakaði hátt: „Bra, bra, bra, bra.“
En bara fjórir ungar heyrðu það.
Fjórir ungar ...
Þrír ungar ...
Tveir ungar ...
Einn ungi synti langt í burt',
mamma hans vissi ekki hvurt.
Hún kvakaði hátt: „Bra, bra, bra, bra.“
og loksins heyrðu allir ungarnir það
Höfundur: Ókunnugur

Fiskalagið

Hafið þið heyrt sögun um fiskana tvo
sem ævi sína enduðu í netinu svo?
Þeir syntu og syntu og syntu út um allt
en mamma þeirra sagði: „Vatnið er kalt.“

Baba búbú, baba bú.

Baba búbú, baba bú.

Þeir syntu og syntu og syntu út um allt
en mamma þeirra sagði: „Vatnið er kalt.“

Höfundur: Ókunnugur

Furðuverk

Ég á augu, ég á eyru,
ég á lítið skrítið nef,
ég á augabrúnir, augnalok
sem lokast þegar ég sef,
ég á kinnar og varir rauðar
og á höfði hef ég hár
eina tungu og tvö lungu
og lengst inni hef ég sál.
Því ég er furðuverk
algjört furðuverk
sem að guð bjó til.
Lítið samt ég skil

Ég á tennur og blóð sem rennur
og hjarta sem að slær
tvær hendur og tvo fætur
tíu fingur og tíu tær
ég get gengið, ég get hlaupið
ég kann að tala mannamál
ég á bakhlið, ég á framhlið
og heila sem er klár.

Í heilanum spurningum
ég velti fyrir mér
og stundum koma svörin
svona eins og af sjálfu sér
en samt er margt svo skrítið
sem ég ekki skil
en það gerir ósköp lítið til
því mér finnst gaman að vera til.
Höfundur lags og texta: Jóhann G Jóhannsson

Gefðu mér knús

Ég er svo fús til að
gefa þér knús! Já
knúsumst öll saman
því það er svo gaman
Ég er svo fús til að
gefa þér knús! Já
gefðu mér knús í dag!
Haltu hlýlega um mig
og láttu mér líða vel
Ég held hlýlega um þig
og sýni þér vinar þel
Höfundur: Ókunnugur

Góðan dag

Góðan dag kæra jörð.
Góðan dag kæra sól.
Góðan dag kæra tré
og blómin mín öll.
Sæl fiðrildin mín
og Lóan svo fín.
Góðan dag fyrir þig,
góðan dag fyrir mig.
Höfundur: Ókunnugur

Grænmetisvísur

Þeir sem bara borða kjöt
og bjúgu alla daga
þeir feitir verða og flón af því
og fá svo illt í maga
En gott er að orða gulrótina
grófa brauðið steinseljuna
krækiber og kartöflur
og kálblöð og hrámeti
Þá fá allir nettan maga
menn þá verða alla daga
eins og lömbin ung í haga
laus við slen og leti
Thorbjorn Egner

Gull og perlur

Gulli og perlum að safna sér
sumir endalaust reyna
vita ekki að vináttan er
verðmætust eðalsteina.

Gull á ég ekki að gefa þér
og gimsteina ekki neina
en viltu muna að vináttan er
verðmætust eðalsteina.

Lag: Þjóðlag frá Álandseyjum

Texti: Hjálmar Freysteinnsson

Guttavísur

Sögu vil ég segja stutta
sem að ég hef nýskeð frétt.
Reyndar þekkið þið hann Gutta
það er alveg rétt.

Óþekkur er ætíð anginn sá,
út á götur stekkur hann
og hoppar til og frá.
Mömmu sinni unir aldrei hjá
eða gegnir þabba sínum
nei, nei, það er frá
Allan daginn út um bæinn
einatt heyrast köll í þeim
"Gutti, Gutti, Gutti, Gutti,
Gutti, komdu heim".

Andlitið er á þeim stutta
oft sem rennblautt moldarflag.
Mædd er orði mamma hans Gutta,
mælir oft á dag:
"Hvað varst þú að gera Gutti minn
geturðu ekki skammast þín
að koma svona inn?
Réttast væri að flengja ræfilinn
Reifstu svona buxurnar
og nýja jakkann þinn?"

Þú skalt ekki þræta Gutti,
það er ekki nokkur vörn.
Almáttugur, en sú mæða
að eiga svona börn".
Gutti aldrei gegnir þessu,
grettir sig og bara hlær.
Orðinn nærri að einni klessu
undir bíl í gær.

Ofan af háum vegg í dag hann datt.
Drottinn minn og stutta nefið
það var alveg flatt.
Eins og pönnukaka, er það satt?
Ó, já því er ver og miður,
þetta var svo bratt.
Nú er Gutta nefið snúið,
nú má hafa það á tröll,
nú er kvæðið næstum búið,
nú er sagan öll.

Höfundur texta: Stefán Jónsson

Háttatími á himnum

Hvað gerir sólin þegar hún sest á kvöldin?
Háttar litlu geislana
oní himinsængina
og fyrir stóru gluggana
hún dregur stjörnutjöldin,
það gerir sólin á kvöldin.

Hvað gerir tunglið þegar það tekur völdin?
Hristir silfurhattinn sinn
svo hrynur úr honum draumurinn
og sáldrast yfir koll og kinn
er sefur barnafjöldinn,
það gerir tunglið á kvöldin.

Höfundur: Olga Guðrún Árnadóttir

Hreyfa- frjósa söngurinn

Hreyfa litla fingur,
hreyfa litla fingur
Hreyfa litla fingur og
frjósa eins og skot

Hreyfa lítinn nebbba.....

Hreyfa lítinn maga.....

Hreyfa lítlar hendur....

Höfundur lags og texta:Soffía Vagnadóttir

Hún er amma mín

Ömmur segja börnunum sögur lon og don
en mín segist elska Harley Davidson
Á fægðu mótorhjóli flengist út á veg
en flestir eru að segja að hún sé ekki ömmuleg
En hún er amma mín....

Gamlir karlar fjasa um fiskerí og slor
en afi fékk splunkunýtt trommusett í vor
Hann smíðaði sér gítar úr smurolíutrekt
og smáu börnin segja að það sé ekki afalegt
En hann er afi minn.....

Ef mamma er inni í eldhúsi alveg gæti skéð
ef erum við í fótbolta hún vilji spila með
Hún hleypur út á völl og hrópar „gefann hér er ég“
hin börnin segja að hún sé ekki mömmuleg
En hún er mamma mín.....

Pabbar fara á sjóinn eða sýsla útí skúr
sjálfur ætlar minn að byggja fiskabúr
og kafa þegar hann hefur kjallaranum drekkt
en krökkunum þeim finnst það ekki vera pabbalegt
En hann er pabbi minn.....

Höfundur lags og texta: Friðrik Ómar og Jogvan

Indíanalagið

Einn og tveir og þrír indíánar
fjórir fimm og sex indíánar
sjö og átta og níu indíánar
tíu indíánar í skóginum.

Allir voru með byssu og boga
allir voru með byssu og boga
allir voru svo kátir og glaðir
þeir ætluðu að veiða björninn.

Uss, þarna heyrðist eitthvað braka
uss, þarna heyrðust fuglar kvaka
fram kom stóri og grimmi björninn
þá hlupu þeir heim til sín.

Þá hlupu: Einn og tveir og þrír indíánar
fjórir fimm og sex indíánar
sjö og átta og níu indíánar
en einn indíáninn varð eftir.

Hann var ekki hræddur við stóra björninn
Bang, hann skaut og hitti björninn,
svo tók hann af honum allan haminn
og hélt aftur heim til sín.

Þá komu: Einn og tveir og þrír indíánar
fjórir fimm og sex indíánar
sjö og átta og níu indíánar
allir að skoða björninn
Höfundur: Ókunnur

Keli káti karl

Ég heiti Keli káti karl
og kraftajötunn er
en þegar ég fer út, út
hrökkva þeir í kút kút
Ég heiti Keli káti karl
tralla la la la la la
Höfundur: Ókunnur

Kisutangó

Mín kisa á vökul eyru og veiðihár og rófu
og viðkvæmt lítið trýni hún sleikir oft og þvær.
Hún unir dátt við leiki og aldrei sýnir klær
og engin kisa í heimi á svo fimar tær.

Mín kisa dansar tangó, tangó, tangó.
Hún teygir sig og reigir og er svo fött og brött.
Mín kisa dansar tangó, tangó, tangó.
Ég trúað gæti að margir vildu eiga slíkan kött.
Tralalalalala Mjáá!
Lag: Japanskt þjóðlag.
Íslenskur texti: Magnús Pétursson

Komdu, kisa mín,

Komdu kisa mín
kló er falleg þín
og grátt þitt gamla trýn.
Mikið malar þú,
mér það líkar nú,
víst ertu vænsta hjú.
Banar margri mús,
mitt þú friðar hús.
Ekki er í þér lús,
oft þú spilar brús.
Undrasniðug, létt og liðug,
leikur bæði snör og fús.
Við skulum drekka dús! Þjóðlag/vísa

Kötturinn sem gufaði upp

Ég átti eitt sinn kött sem að gufaði upp
já hann hvarf bara svona einn daginn
Ég vissi aldrei alveg hvað af honum varð
en ég sé hann aldrei ganga um bæinn
Og svo gufaði hann upp
og svo gufaði hann up
og svo gufaði hann upp
og ég sé hann aldrei meir

Hann átti aldrei trefil, hann átti aldrei skó
en hann gaf því alls engar gætur
Hann vafði skýi um hálsinn og skelli – skellihló
og gantaðis úti allar nætur
Og svo gufaði hann.....
Höfundur lags og texta: Ólafur Haukur Símonarson

Kvæðið um fuglana

Snert hörpu mína, himinborna dís,
svo hlusti englar guðs í paradís.
Við götu mína fann ég fjalarstúf
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré sem fann ég út við sjó
ég fugla skar og líka' úr smiðjumó.
Í huganum til himin oft ég svíf
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Ég heyri' í fjarska villtan vængjaþyt.
Um varpann leikur draumsins perluglit.
Snert hörpu mína himinborna dís,
og hlustið, englar guðs í paradís.
Höfundur lags: Atli Heimir
Höfundur texta: Davíð Stefánsson

Lagið um það sem er bannað

Það má ekki pissa bakvið hurð
og ekki henda grjóti oní skurð
ekki fara í bæinn
og kaupa popp og tyggjó
og ekki nota skrufjárn fyrir sleikjó

Það má ekki vaða út í sjó
og ekki fylla húfuna af snjó
ekki tína blómin
sem eru út í beði
og ekki segja ráddi heldur réði.
Þetta fullorðna fólk er svo skrýtið
það er alltaf að skamma mann
þó maður geri ekki neitt
það er alltaf að skamma mann.

Það má ekki skoða lítinn kall
og ekki gefa ketti drullumall
og ekki skjóta pabba
með byssunni hennar ömmu
og ekki tína orma handa mömmu
Það má ekki hjóla inn í búð
og ekki gefa litla bróður snúð
ekki fara að hlæja
þó einhver sé að detta
- ekki gera hitt og ekki þetta.
Þetta fullorðna fólk er svo skrýtið
það er alltaf að skamma mann
þó maður geri ekki neitt
það er alltaf að skamma mann.
Höfundur lags og texta: Sveinbjörn I Baldursson

Litla, litla músin

Litla, litla músin
labbar af stað
í loðnum feldi' í skólann
já bara veistu hvað?
Mamma hennar sagði;
„mundu' að vera góð
og músasiði alla
læra stillt og hljóð.“

Léttfætt sú litla
labbar af stað
en stóra músin góða
vefur inn í blað,
voða gott nesti,
vænan mjólkurost.
Það veitir ekki af,
því bráðum kemur frost.
Höfundur: Ókunnur

Lítið, lasið skrímsli

Ég er lítið lasið skrímsli
og mig langar ekkert út.
Hornin mín eru völt og veik
og mig vantar snýtuklút.

Ég er orðinn upplitaður,
ég er orðinn voða sljór.
Ég held ég hringi í lækni
því að halinn er svo mjór.

Skrímsli eru eins og krakkar,
ósköp vesæl ef þau næla sér í kvef.
Hver er hræddur við skrímsli
sem er hóstandi og með stíflað nef?

Augun mín, þau standa á stilkum,
annað starir út í vegg,
og ég held að aldrei aftur
muni á mér vaxa skegg.

Ó, mamma, elsku mamma,
nú ég meðal verð að fá,
glás af iðandi ormum,
annars kemst ég ekki á stjál!

Skrímsli eru eins og krakkar ...
Ég er lítið lasið skrímsli
og mig langar ekkert út.
Hornin mín eru völt og veik
og mig vantar snýtuklút.

Ég er orðinn upplitaður
ég er orðinn voða sljór,
ég held ég hringi í lækni
því að halinn er svo mjór.
Skrímsli eru eins og krakkar
Lag / texti: Olga Guðrún Árnadóttir

Litli tónlistarmaðurinn

Mamma, ertu vakandi mamma mín?
Mamma, ég vil koma til þín.
Ó mamma, gaman væri að vera stór.
Þá vild' ég stjórna bæði hljómsveit og kór.

Mamma, þú ert elskuleg mamma mín,
mér finnst gott að koma til þín.
En mamma, áðan dreymdi mig draum um þig.
En datt þá fram úr og það truflaði mig.

Þú vars drottning í hárrí höll.
Hljómsveitin! Álfar, menn og tröll,
ég lék og söng í senn, þú varst svo stórfengleg.
Tröllin þau börðu á bumburnar.
Blómálfar léku á flauturnar.
Fiðlurnar menskir menn, á mandolin ég.
Höfundur lags og texta: Freymóður Jóhannsson

Maðurinn með hattinn

Maðurinn með hattinn
stendur upp í staur
hann borgar ekki skattinn
því hann á engan aur

Hausinn oní maga
og maginn oní skó
reyma svo fyrir
og hend'onum úti sjó.
Höfundur: Ókunnur

Myndin hennar Lísu

Gult fyrir sól, grænt fyrir líf,
grátt fyrir þá sem reka menn út í stríð.
Hvítu fyrir börn, sem biðja um frið
biðja þess eins að fá að lifa' eins og við.
Er ekki jörðin fyrir alla?

Taktu þér blað, málaðu' á það
mynd þar sem að allir eiga öruggan stað.
Augu svo blá, hjörtu sem slá
hendur sem fagnar halda frelsinu á.
Þá verður jörðin fyrir alla.
Höfundur lags og texta: Olga Guðrún

Nammilagið

Ef sólin væri á bragðið eins og sleikjÓ
Rosalegt fjör yrði þá
Ég halla mér aftur, rek tunguna út,
a-ha-a-ha-a-ha-a-ha-a-ha
rosalegt fjör yrði þá.

Ef regnið væri úr bleiku bangsagúmmí
Rosalegt fjör yrði þá
Ég halla mér aftur, rek tunguna út,
a-ha-a-ha-a-ha-a-ha-a-ha
rosalegt fjör yrði þá

Ef snjórinn væri úr sykarpúða og poppi
Rosalegt fjör yrði þá
Ég halla mér aftur, rek tunguna út,
a-ha-a-ha-a-ha-a-ha-a-ha
rosalegt fjör yrði þá
Höfundur: Ókunnur

Lobbukvæði.

Heyrðu Lobba viltu ljá mér litla hvolpinn þinn?
Heldurðu að ég meiði nokkuð þetta litla skinn?
Ég skal fara varlega og hafa gát á því,
að hann detti ekki á gólfið og reki nefið í.

Mig langar til að skoða skæru augun blá
og litlu skrítnu rófunu, sem er aftan á.
Láta hann svo hlaupa á litlu fótunum
og leika mér svo dálítið við hann og klappa honum.

Heldurðu ekki Lobba mín þú lánir mér hann?
Ég læt þig hafa í staðinn beinið sem ég fann.
Sjáðu það er utan á því ofurlítið ket,
seinna skal ég gefa þér meira ef ég get.

Ég verð nú ekki lengi að naga beinið þitt,
en náttúrulega máttu skoða litla skinnið mitt.
En ef hann fer að væla og ef það koma tár
þá ættir þú að vara þig því ég get orðið sár
þjóðlag

Óskasteinar

Fann ég á fjalli fallega steina
Faldi þá alla vildi þeim leyndu
Huldi þar í hellisskúta heillasteina
alla mína unaðslegu heillasteina

Langt er nú síðan leit ég þá steina
Lengur ei man ég óskina neina
er þeir skildu uppfylla um ævidaga
Ekki frá því skýrir þessi litla saga

Gersemar mínar græt ég ei lengur
geti þær fundið telpa eða drengur
silfurskæra kristalla með grænu og gráu
gullna roðasteina rennda fjólubláu
Texti: Hildigunnur Halldórsdóttir

Píla Pína

Hljótt er nú í húsum inni
Harmur býr í allra sinni
Hvar er litla Píla Pína?
Sárt er að missa sína

Burt hún hvarf og brekkan grætur
birtist mér í draumi nætur
Veslings litla Píla Pína
Sárt er að missa sína

Músaguð við hættum hlífi
henni sé hún enn á lífi
Græt ég litla Píla Pína
Sárt er að missa sína

Rætist óskir hennar heitar
hún það finni sem hún leitar
Komdu aftur Píla Pína
sárt er að missa sína

Höfundur lags: Heiðís Norðfjörð.
Höfundur texta: Kristján frá Djúpalæk

Risatröll

Hérna koma nokkur risatröll Hó, hó!
Þau öskra svo það bergmálar um fjöll Hó, hó!
Þau þamma yfir þúfurnar,
svo fljúga burtu dúfurnar
á bak við ský er sólin hlý í leyni.
Hún skín á tröll, þá verða þau að steini.
Höfundur lags og texta: Soffía Vagnsdóttir

Skýin

Við skýin felum ekki sólina af illgirni
Við skýin erum bara að kíkja á leiki mannanna
Við skýin sjáum ykkur hlaupa úbbbs í rokinu
klædd gulum, rauðum,
grænum, bláum regnkápum
Eins og regnbogi meistarans, regnbogi meistarans
Við skýin erum bara grá, bara grá
Á morgun kemur sólin
hvar verðum við skýin þá
Hvar þá, hvar þá,
verðum við skýin þá
Höfundur: Ókunnur

Stafróið

A, Á, B, D, Ð, E, É,
F, G, H, I, Í, J, K,
L, M, N, O, Ó og P,
eiga þar að standa hjá.

R, S, T, U, Ú, V næst,
X, Y, Ý, svo Þ, Æ, Ö.
Íslenskt stafróf er hér læst
í erindi þessi skritin tvö.
Höfundur texta: Þórarinn Eldjárn

Stingum af

Það er andvöku bjart
himinn, kvöldsólar skart,
finnum læk, litla laut,
tínum grös, sjóðum graut
finnum læk, litla laut,
tínum grös, sjóðum graut

Finum göldróttan hval
og fyndinn sel í smá dal
lækjar nið, lítinn foss,
skeinu sár, mömmu koss
lækjar nið, lítinn foss,
skeinu sár, mömmu koss.

Stingum af
í spegilsléttan fjörð
stingum af
smá fjölskyldu hjörð
senn fjúka barna ár
upp í loft, út á sjó
verðmæt gleði tár,
elli ró, elli ró.

Hoppum út í bláinn,
kveðjum stress og skjáinn,
syngjum lag, spilum spil,
þá er gott að vera til
syngjum lag, spilum spil,
þá er gott að vera til

Tínum skeljar, fjallagrös,
látum pabba blása úr nös,
við grjóthól í feluleik,
á hleðslu lambasteik,
við grjóthól í feluleik,
á hleðslu lambasteik,

Stingum af
í spegilsléttan fjörð
stingum af
smá fjölskyldu hjörð
senn fjúka barna ár
upp í loft, út á sjó
verðmæt gleði tár,
elliró, elliró.

Höfundur lags og texta: Mugison

Stjórnandinn frá Luxemborg

Ég er stjórnandi frá Luxemborg

Þú ert stjórnandi frá Luxemborg

Ég kann að leika

Hvað kanntu að leika

Á mína flautu (leikbragð með hljóði)

Á mína fiðlu..... Höfundur: Ókunnur

Tilfinningablús

Ég finn það ofan í maga - ooohó!
Ég finn það fram í hendur - ooohó!
Ég finn það niður í fætur - ooohó!
Ég finn það upp í höfuð - ooohó!
;:Ég finn það hér og hér og hér
og hér og hér og hér hvað ég er glöð!
Hér inni í mér!;:

Lag: (sænskt lag)

Þýðing: Margrét Pála Ólafsdóttir

Tröllavísur

Hátt upp í fjöllunum
þar búa tröllin
Tröllapabbi, tröllamma
og litli tröllo rölli
Bö, sagði tröllapabbi
Bö, sagði tröllamma
En hann litli tröllo rölla
sagði ekki neitt, usss
Höfundur: Ókunnur

Uglulagið

Það var gömul ugla með oddhvasst nef
Tvö lítil eyru og átta litlar tær
Hún sat uppi í tré og svo komst þú
Þá flaug hún í burtu og sagði ú ú ú
Gjúggíbú hvar er þú
nú sé ég ekki neitt
Gjúggíbú þarna ert þú
sem brosir svona breitt
Lag: The Wide Eyed Owl
Þýð.: Hrafnhildur Sigurðardóttir

Upp á grænum, grænum

Uppi á grænum, grænum himinháum hól,
sá ég hérahjónin ganga.
Hann með trommu
bomm, bommm, bommm, boromm, bommm, bommm,
hún með fiðlu sér við vanga.
Þá læddist að þeim ljótur byssukarl
sem miðaði í hvelli,
en hann hitti bara trommuna sem small
og þau hlupu og héldu velli.
Danskt þjóðlag
Höfundur texta: Hrefna Samúelsdóttir

Vinur minn

Það er skemmtilegast að leika sér
þegar allir eru með
í stórum hóp inn um hlátrasköll geta ævintýrin skeð
svo vertu velkominn nýi vinur minn
það er skemmtilegast að leika sér
þegar allir eru með.

Það er ótrúlegt hverju lítið bros
fengið getur breytt
getur glatt og huggað jafnvel þá sem við þekkjum ekki neitt
svo vertu velkominn nýi vinur minn
það er ótrúlegt hverju lítið bros
fengið getur breytt

Höfundur lags og texta: Hafðís Huld Þrastardóttir og Alisdair Wright

Þakklæti

Ég er bara káta barnið þitt. Hvað annað?
Leik mér sæll við þetta eða hitt og finn að
lífið allt um kring er leikfang mitt
og ég lifi.

Og á sólskinsgöngu heyri ég mitt hjarta
syngja fögur lög um kærleiksveginn bjarta.
Fegurð lífsins fyllir huga minn
og ég þakka.

Guð minn ég vil þakka þér
allt sem þú gefur mér.
Ég veit þú skilur alveg hvað
ég met það mikils.

Horfi ég á garðana og trén í blóma
hugsa svo um börnin þrúð og pen og róma
hvað yndislegt það er að vera til
og ég lifi.

Guð minn ég vil þakka þér
allt sem þú gefur mér.
Ég veit þú skilur alveg hvað
ég met það mikils.

Höfundur lags og texta: Magnús Kjartansson

Þú skalt klappa

Þú skalt klappa ef þú hefur létta lund
Þú skalt klappa ef þú hefur létta lund
Þú skalt klappa allan daginn
svo það heyrir út um bæinn.
Þú skalt klappa ef þú hefur létta lund.
Höfundur: Ókunnur

Haust og vetrarlög

Frost er úti

Frost er úti fuglinn minn
ég finn hvað þér er kalt
Nærðu engu í nefið þitt
Því nú er frosið allt

En ef þú bíður augnablik
ég ætla að flýta mér
og biðja hana mömmu mína
um mylsnu handa þér
Höfundur: Ókunnur

Haustvísa

Hvert er horfið lafið sem var grænt í gær?
Þótt ég um það spyrji verð ég engu nær.
Blöðin grænu hafa visnað, orðin gul og rauð.
Ef ég horfi mikið lengur verður hríslan auð.
Þjóðlag frá Belgíu
Texti: Herdís Egilsdóttir

Krummi svaf í klettagjá

Krummi svaf í klettagjá,
kaldri vetrarnóttu á
verður margt að meini,
verður margt að meini,

Fyrr en dagur fagur rann
freðið nefið dregur hann
undan stórum steini,
undan stórum steini.

Á sér krummi ýfði stél,
einnig brýndi gogginn vel,
flaug úr fjallagjótum,
flaug úr fjallagjótum,

Lítur yfir byggð og bú,
á bæjum fyrr en vakna hjú,
veifar vængjum skjótum,
veifar vængjum skjótum

Krunk, krunk nafnar komið hér
Krúnk krúnk því oss búin er
Krás á köldu svelli
Krás á köldu svelli
Höfundur texta: Jón Thoroddsen
Höfundur lags: Þjóðlag

Vetrarnótt

Í örmum vetrarnætur
litli bærinn sefur rótt.
Unga barnið grætur,
en móðir þess það huggar skjótt.

Í baksýn fjöllin há,
snæviþaktir tindar rísa.
Fögur sjón að sjá
og norðurljósinn allt upp lýsa.

Fögrum skruða landið skryðist
slíkum vetrarnóttum á.
Flækingsgrey eitt úti hírist,
vosbúðin hann kvelur þá.

Ef birta fer að degi,
litli bærinn vaknar skjótt.
Hvíldar nýtur eigi
lengur þessa vetrarnótt
Höfundur lags: Ágúst Atlason

Þorraþræll

Nú er frost á Fróni,
frýs í æðum blóð,
kveður kuldaljóð
Kári í jötunmóð.
Yfir laxalóni
liggur klakaþil,
hlær við hríðarbyl
hamragil.
Mararbára blá
brotnar þung og há
unnarsteinum á,
yggld og grett á brá.
Yfir aflatjóni
æðrast skipstjórinn,
harmar hlutinn sinn
hásetinn.

Höfundur texta: Kristján Jónsson, fjallaskáld
Höfundur lags: Íslenskt þjóðlag

Vor og sumarlög

A og B

A og bé spott og spé,
grísinn galar upp í tré.
Lítil mús til okkar fús,
kom og byggði hús.

Lamb í baði
borðar súkkulaði.
Hundur jarmar,
galar grísinn hátt.

A og bé spott og spé,
grísinn galar upp í tré.
Hróp og köll um víðan völl
og þá er sagan öll.

Höfundur lags: Georg Riedel
Höfundur texta: Böðvar Guðmundsson

Ég elska blómin

Ég elska blómin
Ég elska litjurnar
Ég elska fjöllin ég elska brekkurnar
Ég elska varðeldinn
þegar húmar að

Búm – dídí – atsjí...Íslensk þýðing: Hrafnhildur Sigurðardóttir

Gekk ég upp á hólinn

Gekk ég upp á hólinn,
horfði ég ofan í dalinn,
sá eg hvar hún langhala
lék sér við sauðinn.
Kýr keifaði,
kálfur baulaði,
hestur hneggjaði,
hundur geyjaði,
haninn gól,
fyrir miðja morgunsól.
Þjóðlag

Litla flugan

Lækur tifar létt um máða steina.
Lítil fjóla grær við skriðufót.
Bláskel liggur brotin milli hleina.
Í bænum hvílir íturvaxin snót.

Og ef ég væri orðin lítil fluga
Ég inn um gluggann þreytti flugið mitt.
Og þó ég ei til annars mætti duga
Ég eflaust gæti kitlað nefið þitt.
Höfundur lags: Sigfús Halldórsson
Höfundur texta: Sigurður Elíasson

Lóan er komin

Lóan er komin að kveða burt snjóinn
að kveða burt leiðindin það getur hún
Hún hefur sagt mér að senn komi spóinn
sólskin í dali og blómstur í tún
Hún hefur sagt mér til syndanna minna
ég sofi of mikið og vinni ekki hót
Hún hefur sagt mér að vaka og vinna
vonglaður taka nú sumrinu mót
Höfundur lags: James A Bland
Höfundur texta: Páll Ólafsson

Maja maríuhæna

Maja Maríuhæna
fór í gönguferð væna
og rakst þar á hann Sigga Fel
sem svaf í sinni sniglaskel

Svo kom rok og steypiregn
og Maja blotnaði í gegn.
"Kæri Sigggi, hleyp mér inn
í sniglaskeljarkuðunginn"

"Já, gakk' í bæinn, Maja kær
svo þorni þínar blautu tær.
Stofan mín er þröng og mjó
en alveg laus við regn og snjó"

Þá sátu Maja og Sigggi hér
alla nótt og skemmtu sér.
Þau urðu vinir eins og skot
og giftust svo um áramót!

Lag: Henning Hansen / Texti: Halfdan Rasmussen
Þýðing: Baldur Kristinsson og Birte Harksen

Maistjarnan

Ó hve létt er þitt skóhljóð
ó hve lengi ég beið þín,
það er vorhret á glugga,
napur vindur sem hvín,
en ég veit eina stjörnu,
eina stjörnu sem skín,
og nú loks ertu komin,
þú ert komin til mín.

Það eru erfiðir tímar,
það er atvinnuþref,
ég hef ekkert að bjóða,
ekki ögn sem ég gef,
nema von mína og líf mitt
hvort ég vaki eða sef,
þetta eitt sem þú gafst mér
það er alt sem ég hef.

En í kvöld lýkur vetri
sérhvers vinnandi manns,
og á morgun skin maísól,
það er maísólin hans,
það er maísólin okkar,
okkar einingarbands,
fyrir þér ber ég fána
þessa framtíðarlands.
Höfundur lags: Jón Ásgeirsson
Höfundur texta: Halldór Laxnes

Sól sól skín á mig

Sólin er risin,
sumar í bænum
sveitirnar klæðast nú
feldinum grænum
Ómar allt lífið af ylríkum söng
unaðsbjörtu dægrin löng

Sól sól skín á mig
ský, ský burt með þig
gott er í sólinni að gleðja sig
sól, sól skín á mig.

Blómkrónur skínandi
blöðum úr slétta
bikar sinn fullan af hunangi rétta
Ómar allt lífið af ylríkum söng
Unaðsbjörtu dægrin löng

Sól sól skín á mig.....

lag / texti: erlent lag / Magnús Pétursson og Sveinbjörn Einarsson

Vertu til

Vertu til er vorið kallar á þig,
vertu til að leggja hönd á plóg.
Komdu út því að sólskinið vill sjá þig
sveifla haka og rækta nýjan skóg,
sveifla haka og rækta nýjan skóg.
Höfundur lags: Rússneskt þjóðlag
Höfundur texta: Tryggvi Þorsteinsson

Víkivaki

Sunnan yfir sæinn breiða
sumarylinn vindar leiða.
Draumalandið himinheiða
hlær og opnar skautið sitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt !

Gakk þú út í græna lundinn,
gáðu fram á bláu sundin.
Mundu, að það er stutt hver stundin,
stopult jarðneskt yndi þitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt !

Allt hið liðna er ljúft að geyma,
láta sig í vöku dreyma.
Sólskinsdögum síst má gleyma,
segðu engum manni hitt!
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt
Lag: Valgeir Guðjónsson
Texti: Jóhannes úr Kötlum

Vorið okkar

Laufblöðin vaxa og allt verður grænt
ég leggst í grasið svo mjúkt og vænt.
Ég týni blómin fyrir mömmu
og kannskí í sveitina með ömmu

;Við erum krakkarnir á Hæðarbóli;
Hæðarból er skólinn okkar
og hann rokkar

Sólin fer að hitna og skordýrin fitna
ormarnir koma, set þá í fötu
Hunangsflugan suðar út á götu
heyri í spóa og þarna er lóa
Við erum krakkarnir....

Á peysunni út ég fer
og eyrun eru ber
Kári vindur farin er
nú fer ég og skemmti mér
Við erum krakkarnir.....
lag/texti, Eva og börnin á Hæðarbóli 2018

Vorvindar glaðir

Vorvindar glaðir,
glettnir og hraðir,
geysast um lundinn rétt eins og börn.
Lækirnir skoppa,
hjala og hoppa,
Hjartað mitt litla, hlustaðu á;
hóar nú smalinn brúninni frá.
Fossbúinn kveður,
kætir og gleður,
frjálst er í fjallasal.
Helgi Valtýsson / Sænskt þjóðlag

Þýtur í laufi

Þýtur í laufi, bálið brennur.
Blærinn hvíslar: sofðu rótt.
Hljóður í hafið röðull rennur,
roðnar og býður góða nótt.
Vaka þá ennþá vinir saman
varðeldi hjá í fögrum dal.
Lífið söngur, glaumur, gaman.
Gleðin hún býr í fjallasal.
Tryggvi Þorsteinsson/Aldís Ragnarsdóttir

Jólaög

Adam átti syni sjö

Adam átti syni sjö,
sjö syni átti Adam.
Adam elskaði alla þá
og allir elskuðu Adam.
Hann sáði, hann sáði,
hann klappaði saman lófunum,
stappaði niður fótunum,
ruggaði sér í lendunum
og snéri sér í hring

Á jólnum er gleði og gaman

jólnum er gleði og gaman
fúm, fúm, fúm :/
Þá koma allir krakkar með
í kringum jólatréð.
Þá mun ríkja gleði og gaman,
allir hlæja og syngja saman
fúm, fúm, fúm!

:/: Og jólasveinn með sekk á baki
fúm, fúm, fúm :/
Hann gægist inn um gættina
á góðu krakkana.
Þá mun ríkja gleði og gaman,
allir hlæja og syngja saman
fúm, fúm, fúm!

:/: Á jólnum er gleði og gaman
fúm, fúm, fúm :/
Þá klingja allar klukkur við
og kalla á gleði og frið.
Þá mun ríkja gleði og gaman,
allir hlæja og syngja saman
fúm, fúm, fúm!

Bjart er yfir Betlehem

Bjart er yfir Betlehem blikar jólastjarna
Stjarnan mín og stjarnan þín stjarna allra barna
Var hún áður vitringum vega ljósið skæra
Barn í jötu borið var barnið ljúfa kæra

Víða höfðu vitringar vegi kannað hljóðir
Fundið sínum ferðum á fjöldamargir þjóðir
Barst þeim allt frá Betlehem birtan undur skæra
Barn í jötu borið var barnið ljúfa kæra

Bráðum koma blessuð jólin

Bráðum koma blessuð jólin
börnin fara að hlakka til
Allir fá þá eitthvað fallett
í það minnsta kerti og spil

Hvað það verður veit nú engin
vandi er um slíkt að spá
En eitt er víst að alltaf verður
ákaflega gaman þá

Ég sá mömmu kyssa jólasvein

Ég sá mömmu kyssa jólasvein
við jólatré í stofunni í gær
Ég læddist létt á tá
til að líta gjafir á
hún hélt ég væri steinsofandi
Stínu dúkku hjá
Og ég sá mömmu kítla jólasvein og
jólasveinninn út um skeggið hlær
Já sá hefði hlegið með
hann faðir minn hefði hann séð
mömmu kyssa jólasvein í gær

Gekk ég yfir sjó og land

Gekk ég yfir sjó og land
og hitti þar einn gamlan mann,
Sagði svo og spurði svo
Hvar áttu heima?
Ég á heima á Klapplandi, Klapplandi,
Klapplandi.
Ég á heima á Klapplandi,
Klapplandinu góða.
Stapland.....
Grátland.....
Hlæland.....
Ísland.....

Ilmur af jólum

Hvað eru jól nema gleði,
tilhlökkun, friður á jörð?
Jólasveinn, hreindýr og sleði,
standa öll jólanna vörð.

Drögum öll jólaandann nú,
blásum svo frá okkur von.
Hann vild' á milli byggja brú
og til þess færð' okkur son.

Sameinumst fjölskyld' og gleymum
hversdagsins amstri í dag.
Við elskum, við erum, við dreyfum
um allt sem er okkur í hag.

Drögum öll jólaandann nú,
blásum svo frá okkur von.
Hann vild' á milli byggja brú
og til þess færð' okkur son.

Ilmur af kertum og greni
gef' okkur jólanna þrótt
til að hrista burt þreytun' og slenið
fyrir heilaga jólanótt.

Stöndum nú saman jólum á,
sameinumst öll sem eitt.
Höldumst í hendur stór og smá,
því heimi getum við breytt.
Drögum öll jólaandann nú,
blásum svo frá okkur von.
Hann vild' á milli byggja brú
og til þess færð' okkur son.

Í skóginum

Í skóginum stóð kofi einn
sat við gluggann jólasveinn
Þá kom lítið héraskinn
sem vildi komast inn
Jólasveinn ég treysti á þig
veiðimaður skýtur mig
Komdu litla héraskinn
Því ég er vinur þinn

Veiðimaður kofann fann
jólasveininn surði hann
Hefur þú séð héraskinn
hlaupa um hagann þinn
Hér er ekkert héraskott
hypja þú þig héðan brott
Veiðimaður burtu gekk
og engan héra fékk

Jóla- jólasveinn

Hver læðist inni í svefnherbergi og lætur gott í skó
meðan litlu börnin sofa í ró
Það er einn jóla,jóla,jólasveinn
kannski hann Gáttaþefur jólasveinn

Hver kókir ofan í pottana og krækir sér í mat
Og af kjöti borðar á sig gat
Það er einn jóla,jóla,jólasveinn
Það er hann Bjúgnakrækir jólasveinn

Hver gægist ósköp laumulega á gluggana um nótt
meðan góðu börnin sofa rótt
Það er einn jóla,jóla,jólasveinn
það er hann Gluggagægir jólasveinn

Hvern langar einhver kynstur jólakert til að fá
Hann er kúnstugur á svipinn sá
Það er einn jóla,jóla,jólasveinn
Að er hann kertasníkir jólasveinn

Hver skundar inn og hurðinni hann skellir eftir sér
Rauða skotthúfu á höfði ber
Það er einn jóla,jóla,jólasveinn þ
Það er hann Hurðaskellir jólasveinn

Og kjötkrókur og skyrgámur og líka Stekkjastaur
Og svo Stúfur og hann Giljagaur
Þeir eru jóla.jóla,jóla, jóla,jólasveinarnir
Og bestu grey sem við um jólin gleymum ey

Jólasveinar einn og átta

Jólasveinar einn og átta
ofan koma af fjöllunum
Í fyrrakvöld þeir fóru að hátta
fundu hann Jón á Völlunum

Andrés stóð þar utan gátta
það átti að færa hann tröllunum
þá var hringt í Hólakirkju
öllum jólabjöllunum

Jólasveinar ganga um gólf

Jólasveinar ganga um gólf
með gyltan staf í hendi
móðir þeirra sópar gólf
og flengir þá með vendi
;Upp á stól stendur mín kannu
níu nóttum fyrir jól
þá kem ég til manna;

Jólin, jólin alls staðar

Jólin jólin alls staðar
með jólagleði og gjafirnar.
Börnin stóreyg standa hjá
og stara jólaljósín á.
Jólaklukka boðskap ber
um bjarta framtíð handa þér
og brátt á himni hækkar sól,
við höldum heilög jól.

Meiri snjó

Er lægst er á lofti sólin,
þá loksins koma jólin.
Við fögnum í frið og ró,
meiri snjó, meiri snjó, meiri snjó.

Það gleðst allur krakkakórinn,
er kemur jólasnjórinn.
Og æskan fær aldrei nóg,
meiri snjó, meiri snjó, meiri snjó.

Það er barnanna besta stund,
þegar byrjar að snjóa á grund.
Úti á flötinni fæðist hratt,
feikna snjókall með nef og með hatt.

Svo leggjast öll börn í bólið,
því bráðum koma jólin.
Þau fagna í frið og ró,
meiri snjó, meiri snjó, meiri snjó.
Þau fagna í frið og ró,
meiri snjó, meiri snjó, meiri snjó.

Nú er Gunna á nýju skónum

Nú er Gunna á nýju skónum
nú eru að koma jól
Siggi er á síðum buxum
Solla á bláum kjól

Pabbi enn í ógnar balsi
á með flibbann sinn
fljótur Siggi finndu snöggvast
flibba hnappinn minn

Mamma er enn í eldhúsinu
eitthvað að fást við mat
indæla steik hún er að færa
upp á stærðar fat

Kisu er eitthvað órótt líka
út fer brokkandi
ilmurinn úr eldhúsinu
er svo lokkandi

Jólatré í stofu stendur
stjörnurnar glampar á
kertin standa á grænum greinum
gul og rauð og blá

Nú skal segja

Nú skal segja, nú skal segja
hvernig litlar telpur gera:
Vagga brúðu, vagga brúðu
-og svo snúa þær sér í hring.

Nú skal segja, nú skal segja
hvernig litlir drengir gera:
Sparka bolta, sparka bolta
-og svo snúa þeir sér í hring.

Nú skal segja, nú skal segja
hvernig ungar stúlkur gera:
Þær sig hneigja, þær sig hneigja
-og svo snúa þær sér í hring.

Nú skal segja, nú skal segja
hvernig ungir piltar gera:
Taka ofan, taka ofan
-og svo snúa þeir sér í hring.

Nú skal segja, nú skal segja
hvernig gamlar konur gera:
Prjóna sokka, prjóna sokka
-og svo snúa þær sér í hring.

Nú skal segja, nú skal segja
hvernig gamlir karlar gera:
Taka í nefið, taka í nefið
-og svo snúa þeir sér í hring.
AAAtsjúú!!!

Skín í rauðar skotthúfur

Skín í rauðar skotthúfur
skuggalangan daginn,
jólasveinar sækja að
sjást um allan bæinn.
Ljúp í geði leika sér
lítil börn í desember,
inn í frið' og ró, út í frost og snjó
því að brátt koma björtu jólin,
bráðum koma jólin.

Uppi á lofti, inni í skáp
eru jólapakkar,
titra öll af tilhlökkun
tindilfættir krakkar.
Komi jólakötturinn
kemst hann ekki í bæinn inn,
inn' í frið og ró, út' í frost og snjó,
því að brátt koma björtu jólin,
bráðum koma jólin. ´

Snjókorn falla

Snjókorn falla á allt og alla
börnin leika og skemmta sér
nú ert árstíð kærleika og friðar
komið er að jólastund.
Vinir hittast og halda veislur
borða saman jólamat
gefa gjafir - fagna sigri ljóssins
syngja saman jólalag.

Á jólaball við höldum í kvöld
ég ætl'a' kyssa þig undir mistilteini í kvöld
við kertaljóssins loga.

Plötur hljóma - söngvar óma
gömlu lögin syngjum hátt
bar' ef jólin væru aðeins lengri
en hve gaman væri þá.

Snæfinnur snjókarl

Snæfinnur snjókarl
var með snjáðan pípuhatt,
Gekk í gömlum skóm
og með grófum róm
gat hann talað, rétt og hratt.
"Snæfinnur snjókarl!
Bara sniðugt ævintýr,"
segja margir menn,
en við munum enn
hve hann mildur var og hýr.
En galdrar voru geymdir
í gömlu skónum hans:
Er fékk hann þá á fætur sér
fór hann óðara í dans.
Já, Snæfinnur snjókarl,
hann var snar að lífna við,
og í leik sér brá
æði léttur þá,
-uns hann leit í sólskinið.

Snæfinnur snjókarl
snéri kolli himins til,
og hann sagði um leið:
"Nú er sólin heið
og ég soðna, hér um bil."
Undir sig tók hann
alveg feiknamikið stökk,
og á kolasóp
inn í krakkahóp
karlinn allt í einu hrökk.
Svo hljóp hann einn,
-var ekki seinn-
og alveg niðrá torg,
og með sæg af börnum söng hann lag
bæði í sveit og höfuðborg.
Já, Snæfinnur snjókarl
allt í snatri þetta vann,
því að yfir skein
árdagssólin hrein
og hún var að bræða hann.

Við kveikjum einu kerti á

Við kveikjum einu kerti á
Hans koma nálgast fer
Sem fyrstu jól í jötu lá
og jesú barnið er

Við kveikjum tveimur kertum á
og komu bíðum hans
Því drottinn sjálfur soninn þá
mun senda í líking manns

Við kveikjum þremur kertum á
því konungs beðið er
Þótt Jesús sjálfur jötu og strá
á jólum kysi sér

Við kveikjum fjórum kertum á
Brátt kemur gesturinn
og allar þjóðir þurfa að sjá
að það er frelsarinn

Það á að gefa börnum brauð

Það á að gefa börnum brauð
að bíta í á jólnum,
kertaljós og klæðin rauð,
svo komist þau úr bólunum,
Væna flís af feitum sauð,
sem fjalla gekk á hólunum.
Nú er hún gamla Grýla dauð,
gafst hún upp á rólunum.

Þá nýfæddur Jesus

Þá nýfæddur Jesú í jötunni lá
á jólnum fyrstu var dýrðlegt að sjá,
þá sveimuðu englar frá himninum hans
því hann var nú fæddur í líkingu manns.

Þeir sungu "hallelúja" með hátíðarbrag,
"nú hlotnast guðsbörnum friður í dag",
og fagnandi hirðarnir fengu að sjá
hvar frelsarinn okkar í jötunni lá.

Ég bið þig, ó Drottinn, að dvelja mér hjá,
að dýrðina þína ég fái að sjá,
ó blessa þú, Jesú, öll börnin þín hér,
að búa þau fái á himnum með þér.